

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. október 2016
UST201609-039/S.P.
08.14.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 6. september 2016, þar sem áformað var að áminna Norðurþing vegna þriggja frávika frá starfsleyfi á urðunarstað Norðurþings í Laugardal við Húsavík. Umhverfisstofnun hefur ekki borist úrbótaáætlun vegna frávikanna.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. mars 2016. Umhverfismarkmið voru ekki til staðar við eftirlit og hafa ekki verið send eftirlitsaðila.
2. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið og skal niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.1 í starfsleyfi skilað til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Niðurstöðum skráninga hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila fyrir utan magnþolum úrgangs sem skilað var með tölvupósti þann 12. maí sl.
3. Enginn fastur starfsmaður er á svæðinu en verkstjórn hefur verið í höndum Íslenska Gámafélagsins. Skv. gr. 2.8 í starfsleyfi skal stjórnandi urðunarstaðar hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Bent er á að gera þurfi samning við Íslenska Gámafélagið hvað þetta varðar eða ráða inn starfsmann sem hefur næga þekkingu til starfsins.

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á úrbótum frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila því áminningu, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs fyrir frávikin. Umhverfisstofnun veitir Norðurþingi frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 9. nóvember 2016.

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og andmælafrestut veittur.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Umhverfisstofnun vekur athyli á því að kæra skal borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni framangreindra þriggja frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Svava Pétursdóttir
Lögræðingur